

2. gr.

Tollstjóri ákveður, að höfðu samráði við geymsluhafa, hve marga tollgæzlumenn sé nauðsynlegt að hafa í tollvörugeymslu til að tryggja fullkomið eftirlit. Hann ákveður einnig starfstíma þeirra þar og af hvaða starfsgráðu gæzlumenn skuli vera.

3. gr.

Geymsluhafa ber að greiða gjald fyrir vinnu og veru tollgæzlumanna í tollvörugeymslunni þann tíma, sem hún er opin til afgreiðslu daglega, svo og fyrir þá aukavinnu, sem hann óskar eftir að unnin sé utan afgreiðslutíma eða nauðsynlegt er að framkvæmd sé utan afgreiðslutíma að dómi tollstjóra.

Gjaldið skal miða við kaup viðkomandi tollgæzlumanna, að viðbættu 20% álagi, og skal innt af hendi mánaðarlega eftir á.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47 frá 1960, um tollvörugeymslur o. fl., og tekur gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 10. júní 1968.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Nr. 195.

15. júlí 1968.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Egilsstaðahreppi í Suður-Múlasýslu.**

Fasteignaskatt í Egilsstaðahreppi, Suður-Múlasýslu skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1968.

Magnús Jónsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 196.

11. júlí 1968.

SAMÞYKKT**um afgreiðslutíma verzlana í Ólafsfirði.**

1. gr.

Samþykkt þessi nær til allra smásöluverzlunar í Ólafsfirði þ. m. t. starfsemi söluturna, brauð- og mjólkurbúða.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru: Lyfjabúðir, benzínsölur, að því er snertir sölu á benzíni, olíu, smurolíum og vörum til bifreiða, blaðasala á götum, merkjasala og annað slíkt.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til þjónustu, er bifreiðaafgreiðslur veita atvinnubifreiðastjórum, né heldur til þeirrar þjónustu, er rakarastofur, hárgreiðslu-